

Mánudaginn 10. apríl 1916.

Nr. 12/1916 Kristján Kristjánsson
 gegn
 ráðherra Íslands f. h. landssjóðs.

D ó m u r :

Samkvæmt úrskurði lögregluréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 20. nóv. f. á., var sækjandi þessa máls, Kristján Kristjánsson steinsmiður, Njálsgötu 22 hér í bænum, settur í gæzluvarðhald þann dag út af grunsemd um að hann væri valdur að meiðingum, er stúlkan Marsilía Jónsdóttir varð fyrir 10. s. m. Var rannsókninni gegn sækjanda haldið áfram til 24. desember f. á., en þá úrskurðaði rétturinn, meðfram eftir bendingu þarað lútandi frá stjórnarráðinu, að sækjandi skyldi leystur úr gæzluvarðhaldi, og var þeim úrskurði þegar fullnægt. Af þessu virðist mega ráða, og sækjandi hefir og tekið það fram, að saka-mál hafi eigi verið höfðað gegn honum að lokinni rannsókn. Hefir Kristján Kristjánsson nú með stefnu dags. 26. febr. þ. á. höfðað mál þetta fyrir landsyfirdóminum, og með gjafsókn samkvæmt lögum nr. 28 um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. 26. okt. 1893, 3. gr., gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs, og hefir skipaður málaflutningsmaður hans krafist þess, að stefnanda verði dæmdar 1000 kr. úr landsjóði í skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju og að sér verði dæmd málsfærslulaun eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Af hendi stefnda hefir ekki verið mætt í málinu og verður samkvæmt

N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. að dæma það eftir skýrslum þeim, er fram eru komnar af hendi stefnanda. Þessar skýrslur eru aðallega prófsgerðir frá fyrgreindri rannsókn gegn stefnanda, og eru málavextir samkvæmt þeim svo sem nú verður sagt.

Miðvikudaginn 10. nóvember f. á. var stúlkan Marsilia Jónsdóttir, til heimilis í húsinu nr. 13 B á Njálsgötu, við fatapvott, fyrir konu Einars Einarssonar, sem þar býr, í þvottaherbergi í kjallara hússins. Hafði hún lokið þvottinum um kl. 5 síðdegis og gekk þá upp úr kjallaranum til eldhúss, fór svo aftur út til þess að sækja öxi í kjallaranum og til að læsa honum að því búnu. Þegar hún kom í kjallaranum heyrði hún að einhver var þar niðri og hugði að það væri fyrnefndur Einar Einarsson, og kallaði hvort hann væri þar, en fekk ekki svar. Hélt hún þá áfram inn í þvottaherbergið, og varð henni þá að orði: »Það eru þó ekki þjófar núna«, en það sagði hún af því að vart hafði orðið við hvarf á munum úr kjallaranum. En í því bili er hún sagði þetta, var tekið fyrir vit hennar með stórri hendi, svo henni lá við köfnun og sagt með karlmannsrómi: »Haltu kjafti«. Og er hún þreif til mannsins til að losa takið, rak hann hnéð fyrir bringspalir hennar neðanverðar, svo hún kendi mikils sársauka og misti máttinn. Svo sló maðurinn hana högg fyrir brjóstið og hratt henni svo að hún féll, fór svo út úr kjallaranum og sagði um leið: »Hafðu nú þetta«. Dimt var í kjallaranum, svo að stúlkan sá ekki manninn né þekti, en þegar hann fór út úr kjallaranum sá

hún þó, að hann var hár vexti, í hvítum buxum og dökk-klæddur að ofanverðu. Stúlkan var svo máttfarin eftir þessa meðferð, að hún átti bággt með að koma upp orði og treysti sér ekki til að kalla á hjálp. Hún gat þó með harmkvælum skriðið upp úr kjallaranum og inn í eldhúsið, en þar hné hún í ómegin og gekk upp úr henni blóð. Var hún síðan undir læknishendi, en það sést ekki af prófunum hve lengi það hafi verið, eða hvort hún hafi náð aftur fullri heilsu eftir þessarmisþyrmingar. Stefnandi geymdi hest, er hann átti, í útihúsi bak við húsið nr. 13B við Njálsgötu, hafði hann fengið leyfi til þess hjá Ágúst nokkrum Jónssyni, er hafði leigt útihúsið og hýsti þar annan hest. Fram eftir síðastliðnu hausti var þeim stefnanda og Ágúst leyft að taka vatn handa hestunum í kjallara íbúðarhússins, en er þess þótti verða vart að farið væri að hverfa úr kjallaranum, var nýr lás látinn fyrir kjallaradyrnar og Ágúst látinn vita, að þeir stefnandi mættu eigi framar sækja vatn í kjallarann, og tjáist Ágúst hafa skýrt stefnanda frá því. Stefnandi annaðist sjálfur hirðingu á hesti sínum og gerði það venjulegast þegar hann kom frá vinnu um kl. 5 síðdegis. Svo var þog 10. nóvember að stefnandi vitjaði um hestinn á þeim tíma eða um sama leyti og ráðist var á Marsiliu Jónsdóttur, sem fyr segir. Hefir stefnandi skýrt frá því, að hann hafi í þetta sinn farið niður í kjallarann með fötu, til þess að sækja vatn handa hestinum, því að kjallarinn hafi þá verið opinn, og hafi stefnandi skilið Ágúst svo, að eigi væri þeim bannað að taka þar vatn, er svo stæði á, en engan mann hafi hann orðið

var við í kjallaranum, og farið heim til sín, er hann hafi hirt um hestinn.

Við rannsóknina var Marsilía Jónsdóttir látin sjá stefnanda og tala við hann, og lýsti hún því þá yfir að hún gæti eigi staðhæft að hann væri maðurinn, sem á hana hefði ráðist, en stærð og búningur stefnanda gæti líkst því að svo hefði verið. Málrómur stefnanda þótti henniekki beint líkur, en maðurinn hefði talað í reiðulegum og digrum róm, svo að það væri eigi vel að marka. Fyrnefndur Einar Einarsson bar það sem vitni að hann grunaði stefnanda um að vera valdan að meiðingum á Marsiliu, bæði af því að hann hafði verið í kjallaranum um svipað leyti og af því að lýsing stúlkunnar á manningnum, sem misþyrmdi henni, kæmi vel heim við stefnanda. Því hann gengi jafnaðarlega þannig klæddur, sem stúlk- an lýsti, sé með stærstu mönnum hér, og höndin að minsta kosti samsvari stærðinni. Svo kvaðst vitnið eigi hafa átt von á því að stefnandi færi niður í kjallarann, þar sem vitnið þá eigi fyrir löngu hefði dróttað að honum að hann væri valdur að hvarfi á kartöflum o. fl. úr kjallaranum, en því grunaði vitnið stefnanda um þetta, að hann hafði séð hann seint að kvöldi til oftár á ferli kringum húsið, en því þótti líkindi til að hann þyrfti að vera vegna gæzlu á hestinum.

Samkvæmt því sem að framan er sagt verður það eigi talið ástæðulaust að stefnandi var grunaður um meiðingar á stúlkunni Marsiliu Jónsdóttur og að hann var látinn í gæzluvarðhald út af þeim grun. Hins vegar hefir eigi við réttarprófin eða á annan hátt komið neitt það fram, er eytt hafi þessum grun,

eða sýnt að hann væri ástæðulaus, og verður því eftir málavöxtum eigi kveðið upp neitt álit um það, hvort stefnandi sé saklaus af þeim glæp, er tilefni gaf til þess að hann var sviftur frelsi. Skaðabótakrafa hans verður því eigi tekin til greina, og ber að sýkna stefnda af henni.

Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður, með því að eigi hefir verið mætt af hálfu stefnda.

Flutningur málsins af hendi hins skipaða málaflutningsmanns stefnanda hefir verið lögmætur, og ákveðst honum 20 kr. í málflytningislaun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Kristjáns Kristjánssonar, í þessu máli. Málskostnaður falli niður. Skipuðum málflytningismannistefnanda, Guðmundi Ólafssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist málflytningislaun 20 kr. úr landssjóði.

Mánudaginn 10. apríl 1917.

Nr. 54/1915

Guðmundur Ísleifsson
gegn
Einari Jónssyni.